



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málshæiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum nr. 112/2021 og lögum um starfsemi stjórn málasamtaka nr. 162/2006
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómsmálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	4. júní 2024

A. Úrlausnarefni

- Ný kosningalög tóku gildi 1. janúar 2022. Með þeim lögum voru sameinuð í einn lagabálk öll lög um almannakosningar. Eftir að lögin tóku gildi hafa á grundvelli hinna nýju laga farið fram kosningar til sveitarstjórna og forsetakjör. Við framkvæmd þessara kosninga hefur komið í ljós ýmislegt sem betur má fara í löggjöfni og kveða þarf með skýrari hætti á um. Þannig hefur lögunum verið breytt í fjórgang. Þá er jafnframt rétt að gera breytingar á lögum um starfsemi stjórn málasamtaka og færa það verkefni, sem nú er hjá dómsmálaráðuneytinu að úthluta listabókstöfum við alþingiskosningar yfir til landskjörstjórnar en það verkefni á meiri samlegð með störfum landskjörstjórnar en ráðuneytisins.**
- Hvert er úrlausnarefnið?**
Að lagfæra ýmislegt sem betur má fara í kosningalögum og lögum um starfsemi stjórn málasamtaka og færa úthlutun listabókstafa frá dómsmálaráðuneytinu til landskjörstjórnar.
- Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?**
Í ljós hefur komið við framkvæmd kosninga að ýmislegt má skýra betur í gildandi kosningalögum.

B. Markmið

- Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.**
Að löggjöf um kosningar sé skýr og nauðsynlegt sé að bæta úr því sem betur má fara.
- Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.**
Stefnt er að því markmiði að löggjöf um kosningar sé skýr.

C. Leiðir

- Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**
Óskýrleiki yrði til staðar sem gæfi tilefni til mismunandi túlkunar.
- Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.**
Þar sem um lagaákvæði er að ræða sem lagfæra þarf verður ekki bætt úr með öðrum hætti
- Mögulegar leiðir við lagasetningu.**
Um er að ræða breytingar á framkvæmd sem ekki verður unnt að gera með öðrum hætti en breytingum á lögum.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. **Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.**

Að leggja fram breytingu á kosningalögum og lögum um fjármál stjórnmalasamtaka.

2. **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.**

Í kosningalögunum þarf að skerpa á ákvæðum um umboðsmenn, samræma og einfalda hvaða atriði séu í reglugerð frá ráðherra og hvað í reglum landskjörstjórnar og styrkingu reglugerðarheimilda auk lagfæringa sökum sameingar sveitarfélaga. Ýmis atriði er varða utankjörfundargögn auk þess sem lagfæra þarf þann kafla laganna sem varðar framboð. Í lögum um fjármál stjórnmalasamtaka þarf að færa úthlutun listabókstafa frá dómsmálaráðuneyti til landskjörstjórnar.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Taka þarf tillit til ákvæða stjórnarskrá um kosningar en ekki þjóðréttarskuldbindinga sérstaklega.

2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei.**

3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Nei

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Landskjörstjórn, kjörstjórnir, sýslumenn, stjórnmalasamtök

2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Nei

3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.**

Frumvarpið er unnið í samráði við landskjörstjórn sem hefur safnað saman upplýsingum um það sem betur má fara í framkvæmd kosninga m.a. skv. ábendingum frá öðrum þeim sem koma að kosningum.

4. **Fyrirhugað samráð.**

Frumvarpið verður unnið með landskjörstjórn. Jafnframt verður frumvarp borið undir sýslumenn og fleiri hagaðila auk þess sem frumvarpið verður sett til umsagnar í Samráðsgátt.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.**

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið valdi útgjaldaaukningu.

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**

Nei

2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Innleiðing á breyttri löggjöf verður í höndum landskjörstjórnar.

3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Reglur um framkvæmd kosninga þurfa að vera skýrar svo kosningaframkvæmdin verði hnökralaus og samræmd svo trausti til kosninga sé viðhaldið.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Eftir hverjar kosningar er farið yfir hvernig breytingar á löggjöf hafi reynst og fá fram tillögur til úrbóta.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.